

Föstudaginn 7. febrúar 1941.

Nr. 49/1940. **Magnús Gíslason** (Ólafur Þorgrímsson)  
 gegn

**Steindóri Einarssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál vegna árekstrar bifreiða.

### Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. maí 1940 að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 590.25 með 6% ársvöxtum frá 12. okt. 1939 og til greiðsludags, en *til vara* aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir því sem atvikum er háttað, hafa báðir bifreiðarstjórnarnir átt sök á árekstrinum. Þykja aðiljar málsins eiga að bera tjónið af slysinu að hálfu hvor. Samkvæmt því ber stefnda að greiða áfrýjanda kr. 295.12 með vöxtum af þeirri fjárhæð eins og krafizt er.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda 250 krónur í málskostnað fyrir báðum dómum.

### Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði áfrýjanda, Magnúsi Gíslasyni, kr. 295.12 með 6% ársvöxtum frá 12. okt. 1939 til greiðsludags og kr. 250.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. des. 1939.**

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útfeginni 23. okt. s. l. af Magnúsi Gíslasyni bifreiðarstjóra, hér í bæ, gegn Steindóri Einarssyni bifreiðaeiganda, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að upphæð 590,25, ásamt 6% ársvöxtum frá 12. okt. s. l. til greiðsludags, og málskostnaðar skv. reikningi. Við hinn munnlega málflutning hefur stefnandi og gert þá *varakröfu*, að bætarnar yrðu ákveðnar eftir mati réttarins.

Vátryggingarfélaginu Trolle & Rothe h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar sér til handa. *Til vara* krefst hann verulegrar lækkunar á hinni umstefndu upphæð, og að málskostnaður verði látinn falla niður. Vöxtum mótmælir hann frá fyrri tíma en stefnudegi.

Málavextir eru þeir, að laust fyrir kl. 2 e. h. þann 6. okt. s. l. var vörubifreiðin R 1061, eign stefnanda, á ferðinni á Kleppsvegi á leið til Reykjavíkur. Um sama leyti ók fólksflutningabifreiðin R. 1255, eign stefnds í máli þessu, inn Kleppsveg, og var ferðinni heitið að Hólum við sama veg, en er bifreiðin var að búa sig til að beygja inn á veginn, sem liggur að Hólum, varð árekstur á milli nefndra bifreiða, þannig að báðar skemmdust, en R. 1255 þó meira, og vörubifreiðin fór út af veginum.

Stefnandi heldur því fram, að bifreiðarstjórinn á R. 1255 eigi einn alla sök á slysinu, og beri stefndum því að bæta sér tjón það, er hann hafi beðið, en það er kostnaður við viðgerð á skemmdum á bifreiðinni, og nemur hann hinni umstefndu upphæð.

Sýknukröfu sína byggir stefndur hins vegar á því, að stefnandi, er ók bifreið sinni, eigi sök á árekstrinum, og hefur hann í því sambandi áskilið sér fullan rétt til að krefja stefnanda síðar um bæt看 fyrir tjón það, er hann hafi beðið vegna slyssins.

Þess skal getið, að dómariinn hefur komið á slysstaðinn og at- hugað staðhætti, en um nánari atvik að árekstrinum er þetta upplýst:

Bifreiðin R 1255 ók mjög hægt og hafði næstum stöðvazt, er áreksturinn varð, að því er bifreiðarstjórinn hefur ómótmælt borið, enda ætlaði hann að fara að taka beygjuna inn á veginn að Hólum, en sú beygja er mjög kröpp og vegurinn mjór. Hins vegar er það upplýst, að um þetta leyti beygði bifreiðin R. 1255 svo mikið út á Kleppsveginn, að hún var að nokkru á hæggra vegarhelmingi, er áreksturinn varð, og 2,30 m. frá hæggra vegarkanti, en vegurinn er þarna um 6 m. breiður. Og þar sem það er viðurkennt af bifreiðarstjóranum, að hann hafði þegar séð til ferða R. 1061 og hún farið mjög hart, að því er hann segir, þá verður að telja, að hann með framansögðu hafi hagað sér svo, að hann eigi nokkra sök á umræddum árekstri. Sýknukrafa stefnds verður því ekki tekin til greina.

Um ferðir R. 1061 er það hins vegar upplýst, að hún ók með a. m. k. 30 km. hraða á klst., er hún nálgast árekstrarstaðinn, að því er stefnandi segir, en bifreiðarstjórinn á R. 1255 og eitt vitni, er var sjónarvottur, hafa borið, að R. 1061 hafi verið ekið mjög hratt, án þess að tilgreina hraðann nánar. Verður þetta að teljast hafa verið ógætilega ekið, þar sem stefnandi hefur með góðum fyrirvara séð til ferða R. 1255, og sennilegt var, að bifreiðarnar mættust á þeim stað, sem raun varð á, en þar öðrum megin er allhátt út af vegi (rúmlega meter), þýfi og grjót utan vegarins, en nær R. 1061 var hins vegar slétt út af vegi og rúmt útskot á honum. Verður því að telja, að stefnandi hefði átt að hægja á ferðinni miklu fyrr en hann gerði, sérstaklega þar sem fyrir liggur óvæfengt vottorð um, að hemlar R. 1061 hafi verið í ágætu lagi. Bifreiðin var fullhlaðin grjóti, og hefur það af hálfu stefnanda verið talið þess valdandi, að óhægra hafi verið um stjórn bifreiðarinnar, en með tilliti til þess bar stefnanda þá að fara enn varlegar, þegar hann sá vanda bera að höndum. Þar að auki er upplýst, að R. 1061 er 1,87 m. á breidd, en plássíð vinstra megin við R. 1255 á veginum ca. 2,30, og virðist því ekki fjarri lagi að ætla, að komast hafi mátt þarna fram hjá, þar sem vegurinn er mjög góður og traustur og tvímælalaust hefði borið fullhlaðinn bíl, þótt utarlega væri ekið. — Að þessu öllu athuguðu þykir stefnandi því einnig eiga sök á áreksrinum, og verður aðal-krafa hans í málinu því heldur ekki tekin til greina. — Þar sem sökin er þannig beggja megin, ber málsaðiljum, skv. lögjöfnuði frá 2. málsgr. 225 gr. siglingalaganna og 31. gr. laga um loftferðir nr. 32/1929, að bæta skaða þann, er hlaut af árekstrinum, að tiltölu við sök hvors um sig. Af því, hvernig atvikum að árekstrinum skv. framan-sögðu var háttað, þykir rétt, að tjónið skiptist þannig milli aðilja, að stefndur beri tvo fimmtu hluta þess, en stefnandi þrjá fimmtu. Stefnuupphæðin er óvæfengd, og verður stefndum því gert að greiða stefnanda  $\frac{2}{5}$  af kr. 590.25, eða kr. 236.10, ásamt vöxtum, er teljast frá stefnudegi, en reiknast 6%, þar sem vaxtahæðinni hefur ekki sér-staklega verið mótmælt. Málskostnað greiði stefndur stefnanda með kr. 80.00.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Steindór Einarsson, greiði stefnandanum, Magnúsi Gíslasyni, kr. 236.10, með 6% ársvöxtum frá 23. okt. 1939 til greiðsludags, og kr. 80.00 í málskostnað innan 15 daga frá lög- birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.